

# Ríkisútvarpið ohf.

Ársreikningur

---

**1.9.2014 - 31.12.2015**

Ríkisútvarpið ohf.  
Efstaleiti 1  
150 Reykjavík  
kt. 600307-0450

---

## **Efnisyfirlit**

Áritun óháðra endurskoðenda	2
Skýrsla stjórnar	3
Yfirlit um heildarafkomu	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Yfirlit um eigið fé	8
Skýringar	9-28

---

# Áritun óháðra endurskoðenda

---

## Til stjórnar og hluthafa Ríkisútvarpsins ohf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1. september 2014 til 31. desember 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á reikningsárinu sem endar 31. desember 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á reikningsárinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

## Ábending

Án þess að gera um það fyrirvara viljum við vekja athygli á skýringu 23 með ársreikningnum þar sem fjallað er um rekstrarhæfi félagsins. Er þar greint frá því að félagið uppfyllir ekki ákvæði lánasamninga við lánastofnanir þar sem kveðið er á um að fari eiginfjárhlutfall niður fyrir tiltekin viðmið sé lánastofnunum heimilt að gjaldfella lánin. Stjórnendur félagsins eru jafnframt að vinna að lausn á framtíðar fjármagnsskipan félagsins.

Reykjavík, 4. mars 2016.

## **Endurskoðendapjónustan ehf.**

Sævar Þór Sigurgeirsson  
endurskoðandi

Sveinn R. Reynisson  
endurskoðandi

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningsárið 1.9.2014 - 31.12.2015 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Aðalstarfsemi Ríkisútvarpsins ohf. er fjölmiðlaþjónusta í almannapágu, svo sem rekstur hljóðvarps og sjónvarps.

Starfsemi Ríkisútvarpsins hefur á undanförunum tveimur árum verið endurskipulögð og hefur hagræðing skilað þeim árangri að umtalsverður viðsnúningur hefur orðið í rekstri félagsins. Hagnaður Ríkisútvarpsins ohf. á reikningstímabilinu nam kr. 57.814.755. Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 7.132.209.851, bókfært eigið fé í lok reikningstímabilsins er kr. 439.666.667 og eiginfjárlutfall félagsins er 6,2%. Fjöldi ársverka var 259 (2014: 270). Félagið uppfyllir kröfur um kynjahlutfall í stjórn en í henni sitja fjórar konur og fimm karlar.

Í lok reikningstímabilsins var einn hluthafi í félaginu eins og við stofnun þess, en félagið er í eigu íslenska ríkisins.

Félagið hefur á árinu 2015 unnið að sölu byggingarréttar á lóð Ríkisútvarpsins í því skyni að létta á skuldastöðu félagsins. Þann 13. október var undirritaður samningur um sölu byggingarréttar og fór fyrsta greiðslan, kr. 800 milljónir til uppgreiðslu lána. Söluhagnaður lóðar var ekki færður á árinu vegna fyrirvara í samningi en varfærið mat er að samningurinn muni skila RÚV 1.600 milljónum króna.

Samkomulag náðist milli RÚV og Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um frestun á þremur gjalddögum og lengingu láns sem þeim nemur, næsti gjalddagi lánsins verður 1. apríl 2016. Fjármála- og efnahagsráðuneytið samþykkti með bréfi dagsettu 24. mars 2015 áframhaldandi ábyrgð ríkissjóðs. Fyrir liggur að þrátt fyrir nýlega sölu eigna mun RÚV, þegar fram líða stundir, ekki geta staðið undir greiðslum afborgana af láninu m.v. vaxtakjör og greiðsluskilmála lánsins, vantar tekjur félagsins og kröfu um óbreytta starfsemi. Stjórn félagsins mun halda áfram að leita varanlegra lausna varðandi lánið og yfirskuldsetningu félagsins.

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. leitast við að viðhalda og fylgja góðum stjórnunarháttum. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar og verksvið er nánar skilgreint. Þar er m.a. að finna reglur um fundarsköp, reglur um þagnarskyldu og fleira. Starfsreglur stjórnar og starfsáætlun eru aðgengilegar á vefsíðu félagsins. Kjaraáð ákveður kjör útvarpsstjóra. Skipuð hefur verið endurskoðunarnefnd í samræmi við kröfur laga um ársreikninga.

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu Ríkisútvarpsins ohf. á rekstrarárinu 1.9.2014 - 31.12.2015 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins þann 31. desember 2015. Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra gefi glöggt yfirlit um fjárhagsþróun, rekstrarárangur og stöðu félagsins.

# Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Stjórn Ríkisútvarpsins ohf. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir reikningsárið 1.9.2014 - 31.12.2015 með undirritun sinni.

Reykjavík, 4. mars 2016

Gunnlaugur G. Sverrisson  
stjórnarformaður

Úlfhildur Rögnvaldsdóttir

Björg Eva Erlendsdóttir

Ásthildur Sturludóttir

Friðrik Rafnsson

Mörður Árnason

Sjöfn Þórðardóttir

Eiríkur Finnur Greipsson

Kristinn Dagur Gissurarson

Valgeir Vilhjálmsson  
fulltrúi starfsmanna

Magnús Geir Þórðarson  
Framkvæmdastjóri

# Yfirlit um heildarafkomu fyrir reikningsárið 1.9.2014 - 31.12.2015

	Skýr.	1.9.2014- 31.12.2015 *	1.9.2013- 31.8.2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Almannaþjónusta .....	4	4.890.529.042	3.361.447.450
Samkeppnisrekstur .....	4	2.881.278.177	2.038.681.435
<b>Rekstrargjöld</b>			
Almannaþjónusta .....	4	(6.393.881.326)	(4.695.887.811)
Samkeppnisrekstur .....	4	(567.361.492)	(400.794.393)
Afskriftir .....	8,9	(391.851.258)	(316.953.087)
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>		418.713.143	(13.506.406)
Vaxtatekjur .....	6	3.028.109	2.559.252
Vaxtagjöld .....	6	(444.440.527)	(347.247.888)
Gengismunur .....	6	36.860.588	19.123.506
Hrein fjármagnsgjöld .....		(404.551.829)	(325.565.131)
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>		14.161.314	(339.071.537)
Tekjuskattur .....	7	43.653.442	67.814.307
<b>Hagnaður (tap) og heildarafkoma</b>		57.814.755	(271.257.230)

\* Vakin er athygli á reikningsskilaárið er sextán mánuðir en samanburðarfjárhæðir síðasta rekstrarárs eru tólf mánuðir. Einnig skal vakin athygli á breytttri framsetningu á yfirliti um heildarafkomu, sjá nánari umfjöllun í skýringu nr. 3.

# Efnahagsreikningur 31.12.2015

## Eignir

	Skýr.	31.12.2015	31.8.2014
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	4.552.108.441	4.519.397.240
Óefnislegar eignir .....	9	162.064.881	203.783.848
Samningsbundinn sýningarréttur .....	12	388.654.298	647.294.906
Reiknuð skatteign .....	17	200.500.090	156.846.652
Aðrar eignir .....	10	326.250.135	328.607.354
		<u>5.629.577.844</u>	<u>5.855.930.000</u>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir .....	11	35.596.707	40.292.075
Samningsbundinn sýningarréttur .....	12	1.011.846.517	756.338.823
Viðskiptakröfur .....	13	431.509.896	239.667.550
Aðrar skammtímakröfur .....	13	21.126.465	70.108.449
Handbært fé .....	13	2.552.423	5.608.303
		<u>1.502.632.007</u>	<u>1.112.015.199</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>7.132.209.851</u>	<u>6.967.945.199</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....	14	839.723.000	839.723.000
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		265.253.903	265.253.903
Ójafnað tap .....		(665.310.236)	(723.124.988)
Eigið fé samtals		<u>439.666.667</u>	<u>381.851.914</u>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Langtímaskuldir .....	15	3.793.064.797	4.110.834.175
Aðrar fjárskuldir .....	15	273.386.101	425.953.120
		<u>4.066.450.898</u>	<u>4.536.787.295</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Viðskiptaskuldir .....	18	851.076.868	784.431.455
Skuldir við lánastofnanir .....		118.790.179	325.588.703
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	18	305.741.843	380.899.109
Skuldbindingar .....	16	0	16.246.372
Ógreidd laun og launatengd gjöld .....		473.925.830	419.822.521
Aðrar skammtímaskuldir .....	18	876.557.568	122.317.829
		<u>2.626.092.287</u>	<u>2.049.305.988</u>
Skuldir samtals		<u>6.692.543.185</u>	<u>6.586.093.283</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>7.132.209.851</u>	<u>6.967.945.199</u>

# Yfirlit um sjóðstreymi 1.9.2014 - 31.12.2015

	1.9.2014- 31.12.2015	1.9.2013- 31.8.2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Rekstrarhagnaður (tap) tímabilsins .....	418.713.143	(13.506.406)
Afskriftir .....	391.851.258	316.953.087
<b>Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>810.564.401</b>	<b>303.446.681</b>
Vörubirgðir, lækkun .....	4.695.368	4.336.563
Sýningarréttur, lækkun (hækkun) .....	3.132.913	(29.961.879)
Aðrar rekstrartengdar eignir, hækkun .....	(130.246.932)	(173.500.484)
Rekstrartengdar skuldir, lækkun .....	(106.018.728)	(44.881.252)
<b>Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta</b>	<b>582.127.022</b>	<b>59.439.628</b>
Innborgaðir vextir .....	3.028.109	3.196.572
Greiddir vextir .....	(137.709.436)	(236.331.214)
<b>Handbært fé frá (til) rekstrar</b>	<b>447.445.695</b>	<b>(173.695.014)</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir .....	(323.787.393)	(238.920.089)
Keyptar óefnislegar eignir .....	(12.083.884)	(58.701.305)
	<b>(335.871.277)</b>	<b>(297.621.394)</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Afborganir langtímaskulda .....	(707.973.056)	(427.037.594)
Nýjar langtímaskuldir .....	0	994.980.000
Innborgun vegna sölu á byggingarétti .....	800.000.000	0
Breyting skammtímaskulda við lánastofnanir .....	(206.798.524)	(105.696.098)
	<b>(114.771.580)</b>	<b>462.246.308</b>
Hækkun (lækkun) handbærs fjár .....	(3.197.161)	(9.070.100)
Handbært fé í upphafi tímabils .....	5.608.303	14.677.709
Gengismunur af handbæru fé .....	141.282	693
Handbært fé í lok tímabils .....	<b>2.552.424</b>	<b>5.608.303</b>



## Yfirlit um eigið fé

	Hlutfé *	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Ójafnað tap	Eigið fé Samtals
Staða 1.9.2013.....	839.723.000	265.253.903	(451.867.761)	653.109.142
Heildarafkoma reikningsársins...	0	0	(271.257.230)	(271.257.230)
Staða 31.8.2014.....	839.723.000	265.253.903	(723.124.991)	381.851.914
Staða 1.9.2014.....	839.723.000	265.253.903	(723.124.991)	381.851.912
Heildarafkoma tímabilsins.....	0	0	57.814.755	57.814.754
Staða 31.12.2015.....	839.723.000	265.253.903	(665.310.235)	439.666.667

\* Útgefnir hlutir í lok árs eru alls 839.723.000 og er nafnverð hvers hlutar ein íslensk króna. Eitt athvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Allt hlutfé félagsins hefur verið greitt.

# Skýringar

---

## 1. Starfsemi

Ríkisútvarpið ohf. er sjálfstætt opinbert hlutfélag í eigu íslenska ríkisins og starfar á grundvelli laga nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Tilgangur félagsins er rekstur hvers konar fjölmiðlaþjónustu í almannabágu og önnur starfsemi. Nánar verður kveðið á um markmið, hlutverk, skyldur og umfang starfseminnar í sérstökum samningi sem verður gerður milli Ríkisútvarpsins og mennta- og menningarmálaráðherra. Höfuðstöðvar félagsins eru að Efstaleiti 1, Reykjavík.

## 2. Innleiðing á nýjum og endurbættum staðlum

Félagið hefur innleitt alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir eru samþykktir af Evrópusambandinu í lok reikningsársins 31.12.2015, breytingar á þeim og nýjar tülkanir. Það er mat stjórnenda að innleiðing nýrra og endurbættra staðla og tülkana hafi ekki veruleg áhrif á ársreikninginn. Félagið hefur ekki innleitt nýja og/eða endurbætta staðla sem hafa verið gefnir út en ekki tekið gildi. Áhrif þeirra á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.

## 3. Reikningsskilaaðferðir

### Yfirlýsing um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla

Ársreikningur Ríkisútvarpsins ohf. fyrir reikningstímabilið 1.9.2014-31.12.2015 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af Evrópusambandinu.

### Reikningshaldslegt mat

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður geta verið frábrugðnar þessu mati. Mat og forsendur á bak við matið eru í stöðugri endurskoðun. Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær falla til og þeim framtíðartímabilum sem breytingarnar hafa áhrif á.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir eigna og skulda í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

Skýringu 8, varanlegir rekstarfjármunir. Mat stjórnenda á hrakvirði og líftíma eigna.

Skýringu 17, reiknuð skattainneign. Mat stjórnenda á framtíðarnýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi.

Skýringu 21, önnur mál. Mat stjórnenda á reikningshaldslegri meðferð þjónustu- og rekstrarleigusamnings.

# Skýringar

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Grundvöllur reikningsskilanna

Reikningsári Ríkisútvarpsins ohf. var breytt á tímabilinu, rekstrartímabil var frá 1. september ár hvert til 31. ágúst árið eftir en er nú frá 1. janúar ár hvert til 31. desember sama ár. Uppgjör fyrir rekstrarárið 2016 verður fyrsta ársuppgjör félagsins sem gert er upp frá 1. janúar til 31. desember. Þessi ársreikningur sýnir tímabilið 1. september 2014 til 31. desember 2015.

Samkvæmt lögum um fjölmiðil í almannajónustu nr. 23/2013 ber Ríkisútvarpinu ohf. að halda fjárreiðum alls reksturs vegna fjölmiðlajónustu í almannajónustu frá fjárreiðum annars reksturs á vegum Ríkisútvarpsins. Skal hlutlæg kostnaðaradgreining á almannajónustuhlutverki Ríkisútvarpsins byggð á ársreikningi félagsins, að teknu tilliti til tekna að frádregnum kostnaði við þann hluta starfseminnar sem fellur undir samkeppnisrekstur. Þess vegna hafa stjórnendur ákveðið að endurflokka tekjur og gjöld og sýna rekstur almannajónustu aðgreindan frá rekstri samkeppnisreksturs, samanburðartölur eru einnig endurflokkaðar í rekstrarreikningi. Ýtarlegar upplýsingar um tekjur og gjöld almannajónustu og samkeppnisreksturs eru í skýringu 4 með ársreikningnum. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverði, hann er gerður í íslenskum krónum sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins.

### Yfirlit um heildarafkomu eftir tímabilum

Vakin skal athygli á að skipting heildarafkomu eftir tímabilum er óendurskoðuð, einnig rekstrartölur fyrir almanaksár 2014.

	1.9.2014- 31.12.2015	1.1.2015- 31.12.2015 óendurskoðað	1.9.2014- 31.12.2014 óendurskoðað	1.1.2014- 31.12.2014 óendurskoðað
<b>Rekstrartekjur</b>				
Almannajónusta .....	4.890.529.042	3.753.238.344	1.137.290.699	3.440.679.248
Samkeppnisrekstur .....	2.881.278.177	2.081.473.584	799.804.594	2.043.359.992
<b>Rekstrargjöld</b>				
Almannajónusta .....	(6.393.881.326)	(4.686.614.050)	(1.707.267.276)	(4.695.000.896)
Samkeppnisrekstur .....	(567.361.492)	(481.469.180)	(85.892.313)	(408.251.622)
Afskriftir .....	(391.851.258)	(281.335.599)	(110.515.659)	(327.973.884)
<b>Rekstrarhagnaður (tap)</b>	418.713.143	385.293.099	33.420.044	52.812.838
Fjármunatekjur .....	3.028.109	2.061.567	966.542	2.098.370
Fjármagnsgjöld .....	(444.440.527)	(353.379.357)	(91.061.170)	(297.334.772)
Gengismunur .....	36.860.588	46.376.054	(9.515.465)	9.904.729
Hrein fjármagnsgjöld .....	(404.551.829)	(304.941.737)	(99.610.092)	(285.331.673)
<b>Hagnaður (tap) fyrir tekjuskatt</b>	14.161.314	80.351.362	(66.190.048)	(232.518.836)
Tekjuskattur .....	43.653.442	30.415.432	13.238.010	31.952.421
<b>Hagnaður (tap) og heildarafkoma</b>	57.814.755	110.766.794	(52.952.039)	(200.566.415)

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Skráning tekna

Tekjur eru færðar á gangvirði greiðslunnar sem er móttækin eða er innheimtanleg að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarétti flyst til kaupanda, unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti, líklegt þykir að félagið muni hafa hagrænan ávinning af viðskiptunum og hægt er að meta kostnað sem tengist viðskiptunum á áreiðanlegan hátt.

### Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum af fjáreignum og gengishagnaði af erlendum gjaldmiðlum. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til miðað við virka vexti.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, gengistapi af erlendum gjaldmiðlum og vaxtakostnaði af öðrum fjárskuldum.

Hagnaði og tapi vegna gengisbreytinga erlendra gjaldmiðla er jafnað saman.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningstímabils. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

### Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum skatti. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áttlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður skattur stafar af tímabundnum mismun efnahagsliða í skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi hins vegar þar sem tekjuskattstofn félagsins er miðaður við aðrar forsendur en reikningsskil þess. Frestaður skattur miðast við gildandi skatthlutfall á reikningsskiladegi.

Tekjuskattseign er metin á reikningsskiladegi og er einungis færð að því marki sem líklegt er að hún nýtist á móti skattskyldum hagnaði í framtíðinni.

### Leigusamningar

Leigusamningar eru flokkaðir sem fjármögnunarleigusamningar þegar samningsskilmálar gera ráð fyrir að verulegur hluti áhættunnar og hagur af eignarréttindum sé framseldur til félagsins. Aðrir leigusamningar eru flokkaðir sem rekstrarleigusamningar og leigugreiðslur gjaldfærðar á því tímabili sem þær tilheyra.

Fjármögnunarleigusamningar eru færðir til eignar og skuldar miðað við samningsfjárhæð eða fjárhæð sem jafngildir núvirttri lágmarks leigugreiðslu, hvort sem lægra reynist.

Leigugreiðslum er skipt á milli fjármagnskostnaðar og afborgana þannig að hlutfall fjármagnskostnaðar verði óbreytt út samningstímann. Fjármagnskostnaður er gjaldfærður nema þegar hann tilheyrir eignfærsluhæftri eign en þá er hann eignfærður í samræmi við reglur félagsins um meðferð lántökukostnaðar. Ófyrirséðar leigugreiðslur eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

Greiðslur af rekstrarleigusamningum eru gjaldfærðar línulega á leigutímanum nema önnur kerfisbundin aðferð endurspegli betur ávinning af notkun eignarinnar. Ófyrirséðar leigugreiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru gjaldfærðar á því tímabili sem þær falla til.

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar á áreiðanlegan hátt. Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýmun. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni á viðeigandi stað og í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar línulega á áætluðum nýtingartíma að teknu tilliti til vænts hrakvirðis. Á hverjum reikningsskiladegi er vænt hrakvirði eigna og nýtingartími endurmetinn. Fasteign félagsins er ekki afskrifuð þar sem stjórnendur meta það svo að bókfært verð fasteignar sé lægra en hrakvirði. Matið byggist á því að fasteignamat eignarinnar sem er umtalsvert hærri en bókfært verð, endurspeglar það verð sem félagið getur vænst að fá fyrir eignina í lok nýtingartíma hennar.

Eignir þar sem eignarréttur er bundinn fjármögnunarleigusamningum eru afskrifaðar á áætluðum nýtingartíma á sama grunni og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eignar er mismunur á milli söluverðs og bókfærðs verðs eignarinnar á söludegi og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna.

### Óefnislegar eignir og samningsbundinn sýningarréttur

Óefnislegar eignir og sýningarréttur eru skráð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýmun. Nýtingartími eignanna byggir á samningsbundnum réttindum. Sýningarréttur er gjaldfærður við frumsýningu. Afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar í lok hvers reikningsskilatímabils. Eigin framleiðsla samanstendur af framleiðslukostnaði sem inniheldur keypt aðföng, launakostnað og beinan og óbeinan kostnað vegna framleiðslunnar.

### Virðisrýmun

Á hverjum reikningsskiladegi er farið yfir bókfært verð efnislegra og óefnislegra eigna, annarra en birgða og tekjuskattsinnegar, til þess að meta hvort vísbending um virðisrýmun þeirra sé til staðar. Komi fram slík vísbending er endurheimtanlegt virði eignarinnar metið. Þegar ekki er hægt að meta endurheimtanlegt virði einstakra eigna metur félagið endurheimtanlegt virði þeirrar fjárskapandi einingar sem eignin fellur undir.

Endurheimtanlegt virði er annað hvort hreint söluvirði eða nýtingarvirði eignar, hvort sem hærri er. Við mat á nýtingarvirði er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis með vaxtaþrósentu sem viðeigandi er við fjármögnun slíkrar eignar að teknu tilliti til skatta.

Sé endurheimtanlegt virði eignar metið lægra en bókfært verð er bókfært verð eignarinnar lækkað í endurheimtanlegt virði. Virðisrýmun er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Ef tap vegna virðisrýmunar snýst síðar við er bókfært verð eignarinnar hækkað aftur, en þó ekki í hærri verð en það sem hefði verið ef virðisrýmun hefði aldrei verið færð.

### Gangvirði

Gangvirði er það verð sem fæst fyrir eign eða skuld í skipulögðum viðskiptum á milli aðila á matsdegi, hvort sem verðið er sýnilegt eða metið með öðrum matsaðferðum. Þegar gangvirði eignar eða skuldar er metið er tillit tekið til sömu einkenna eignarinnar eða skuldarinnar og aðilar á markaði myndu gera ef þeir væru að verðmeta eignir eða skuldir á matsdegi. Gangvirði fyrir mat og/eða skýringar í reikningsskilunum er ákvarðað á þeim grundvelli, nema fyrir eignarhlutatengdar greiðslur sem falla undir IFRS 2, leigufærslur sem falla undir IAS 17 og mat sem svipar til gangvirðis en telst samt ekki gangvirði, t.d. endurheimtanlegt virði í IAS 2 eða nýtingarvirði í IAS 36.

Að auki, af reikningshaldslegum ástæðum, er gangvirðismat flokkað í 1. 2. og 3. stig sem byggir á sýnileika og mikilvægi breytanna í heildarmatinu. Stigin þrjú eru útskýrð með eftirfarandi hætti:

- Stig 1: söluverð á virkum markaði fyrir samskonar eignir og skuldir sem eru aðgengilegar félaginu á matsdegi.
- Stig 2: breytur aðrar en markaðsverð sem hægt er að sannreyna beint eða óbeint.
- Stig 3: breytur sem eru ekki markaðstengdar.

## 3. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Birgðir

Vörubirgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluverði hvort sem lægra reynist, að teknu tilliti til úreltra og gallaðra vara. Kostnaðarverð birgða samanstendur af kostnaði við öflun þeirra ásamt öðrum kostnaði sem fellur til við að koma birgðunum í söluhæft ástand. Hreint söluverð er áætlað söluverð að frádregnum áætluðum sölukostnaði.

### Fjármálagerningar

Til fjármálagerninga teljast viðskiptakröfur, aðrar kröfur, handbært fé, lántökur, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir. Fjármálagerningar eru færðir á gangvirði við upphaflega skráningu í bókhald. Allur beinn viðskiptakostnaður er færður til hækunar á virði þeirra við upphaflega skráningu. Eftir upphaflega skráningu eru fjármálagerningar færðir með þeim hætti sem greinir hér á eftir.

### Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum og ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýmun þegar við á. Lán og kröfur samstanda af handbæru fé, viðskiptakröfum og öðrum kröfum. Til handbærs fjár teljast sjóður og óbundnar bankainnistæður.

### Virðisrýmun fjáreigna

Á hverjum uppgjörstigi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýmun fjáreigna. Fjáreign hefur rýrnað í verði ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburði sem hafa orðið benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi eignarinnar sé lægra en áður var talið.

Virðisrýmun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirku væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Einstaka mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýmnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýmnunar.

Virðisrýmun er gjaldfærð í rekstrarreikningi. Virðisrýmun er bakfærð ef hægt er að tengja bakfærsluna á hlutlægan hátt atburði sem átti sér stað eftir að virðisrýmunin var færð.

### Aðrar fjárskuldir

Aðrar fjárskuldir eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð yfir rekstrarreikning samkvæmt aðferð virkra vaxta. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á líftíma láns samkvæmt aðferð virkra vaxta. Aðrar fjárskuldir samstanda af langtímalánum, viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

### Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að félagið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins skuldbindandi atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti. Skuldbindingar eru metnar við núvirtu áætluðu framtíðarsjóðstreymi. Þegar virði skuldbindingarinnar er endurheimtanlegt frá þriðja aðila er krafa færð til eignar til móts við skuldbindinguna.

### Starfspáttaryfirlit

Rekstur félagsins er á grundvelli laga um Ríkisútvarpið ohf. nr. 23/2013, áður laga nr. 6/2007. Meginstarfsemi félagsins er rekstur hverskonar fjölmiðlaþjónustu í almannabágu. Félagið gerir ekki starfspáttayfirlit, stjórnendur félagsins meta rekstur félagsins innan eins starfspáttar.

# Skýringar

## 4. Rekstur deilda

	1.9.2014 - 31.12.2015	1.9.2013 - 31.8.2014
	16 mánuðir	12 mánuðir
<b>Rekstur fjölmiðils í almannapágu greinist þannig:</b>		
Þjónustutekjur .....	4.886.417.926	3.317.123.910
Styrkir og aðrar tekjur .....	4.111.116	44.323.540
	<u>4.890.529.042</u>	<u>3.361.447.450</u>
Réttindagreiðslur vegna dagskrár .....	(1.417.084.561)	(981.277.581)
Aðkeypt þjónusta, launa- og starfsmannatengdur kostnaður vegna dagskrár .....	(3.166.828.320)	(2.384.923.899)
Tæknikostnaður, rekstur áhalda og tækja og hugbúnaður .....	(420.601.496)	(287.570.495)
Kostnaður vegna dreifikerfis .....	(584.930.660)	(323.656.754)
Annar beinn kostnaður vegna dagskrár .....	(315.497.395)	(247.611.820)
Kostnaður vegna skrifstofu útvarpsstjóra, fjármáladeildar og stjórnar .....	(331.783.012)	(335.736.550)
Rekstur húsnæðis og annar rekstrarkostnaður .....	(412.300.163)	(321.598.781)
Hlutdeild samkeppnisrekstrar í kostnaði .....	255.144.281	186.488.070
	<u>(6.393.881.326)</u>	<u>(4.695.887.811)</u>
Rekstrartap af fjölmiðli í almannapágu	<u>(1.503.352.284)</u>	<u>(1.334.440.361)</u>
<b>Rekstur samkeppnisrekstrar greinist þannig:</b>	1.9.2014 - 31.12.2015	1.9.2013 - 31.8.2014
Tekjur af samkeppnisrekstri .....	2.881.278.177	2.038.681.435
Hlutdeild í kostnaði fjölmiðlaþjónustu .....	(255.144.281)	(186.488.070)
Beinn kostnaður vegna samkeppnisrekstrar .....	(312.217.211)	(214.306.323)
	<u>(567.361.492)</u>	<u>(400.794.393)</u>
Rekstrarhagnaður af samkeppnisrekstri	<u>2.313.916.685</u>	<u>1.637.887.042</u>

# Skýringar

## 5. Launamál

<b>Laun og tengd gjöld greinast þannig:</b>	1.9.2014 - 31.12.2015	1.9.2013 - 31.8.2014
Heildarlaun .....	2.471.773.350	1.853.465.087
Lífeyrissjóður .....	265.379.676	198.561.561
Önnur launatengd gjöld .....	267.245.613	226.247.765
	<u>3.004.398.639</u>	<u>2.278.274.413</u>
Heildarstöðugildi .....	259	270
<b>Laun og launatengd gjöld skiptast þannig eftir kostnaðarliðum:</b>		
Almannajónusta .....	2.739.908.990	2.110.800.491
Samkeppnisrekstur .....	264.489.649	167.473.922
	<u>3.004.398.639</u>	<u>2.278.274.413</u>

Gjaldfærð heildarlaun, þóknarir og lífeyrissjóðsgreiðslur til æðstu stjórnenda félagsins, annarra en útvarpsstjóra, námu 156 milljónum króna á reikningsárinu 1. september 2014 - 31. desember 2015 (2013/2014: 162,9 milljónir króna). Heildarlaun og þóknarir útvarpsstjóra námu 24,5 milljónum króna á reikningsárinu (2013/2014: 39,7 milljónir króna, þar af 30,1 milljónir króna til fráfarandi útvarpsstjóra). Stjórnarlaun námu 15,6 milljónum króna á reikningsárinu (2013/2014: 11,8 milljónir króna).

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

